

# Stjórn málaályktun flokksráðsfundar Sjálfstæðisflokksins 2024

Við endurnýjun ríkisstjórnarsamstarfsins undir forsæti Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, voru sameiginlegar áherslur stjórnarflokkanna til loka kjörtímabilsins áréttáðar. Mikilvægt er að ráðherrar og þingmenn flokksins nýti þau tækifæri sem felast í því að ríkisstjórnin sé undir verkstjórn Sjálfstæðisflokksins.

Verulegur árangur hefur náðst í mikilvægum málum. Þýðingarmiklar breytingar á útlendingalögum voru samþykktar, ný lög um tryggingakerfi öryrkja náðu fram að ganga, almannaoöryggi var styrkt með breytingum á lögreglulögum, sókn hófst í orkumálum, fæðingarorlofsgreiðslur hækkaðar, sköpuð hagstæð umgjörð fyrir fjölbreytta nýsköpun í atvinnulífinu og ákveðið að selja eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka að fullu.

Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar er að stuðla að lægri verðbólgu og lækkun vaxta. Það verður aðeins gert með auknu aðhaldi í opinberum fjármálum, hóflegum kjarasamningum á vinnumarkaði og jafnvægi á húsnæðismarkaði. Fátt skiptir meira máli fyrir heimili og fyrirtæki á komandi misserum. Bregðast verður hratt og örugglega við framboðsskorti á húsnæðismarkaði með því að stuðla að auknu framboði lóða, m.a. með stækkun á vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins og einföldun laga og reglna um byggingar.

Hlutverk Sjálfstæðisflokksins er að auka frelsi en ekki opinber umsvif. Flokksráð ætlast til að kjörnir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vinni með skipulegum hætti að hagkvæmari nýtingu sameiginlegra fjármuna með aðhaldi, útvistun verkefna, fækkun stofnana og opinberra starfsmanna, sparnaði í stjórnsýslu, sölu opinberra fyrirtækja og fjárfestingu í stafrænni stjórnsýslu og aukinni notkun gervigreindar.

Mikilvæg skref hafa verið stigin til að ná betri stjórn á landamærunum og koma böndum á kostnað vegna hælisleitenda. Flokksráð fagnar því að dómsmálaráðherra boði enn frekari breytingar á útlendingalögum og ítrekar nauðsyn þess að löggjöfin sé endurskoðuð frá grunni og að felldar verði úr gildi allar íslenskar sérreglur. Í því felst meðal annars að koma upp búsetuúrræðum með takmörkunum og afturköllun verndar við brot gegn hegningarlögum. Styrkja þarf almannaoöryggi með frekari breytingum á lögreglulögum og eflingu löggæslu.

Ísland er og á að vera í fremstu röð þjóða í umhverfismálum, orkuskiptum og baráttu gegn loftslagsvá. Þar skiptir sköpum að virkja hugvit, nýsköpun og framtak einstaklinga svo ná megi árangri. Hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkunotkun er með því hæsta í heimi og því þarf að endurskoða skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og verja íslenska hagsmuni.

Án tryggrar orku er grafið undan lífskjörum. Raforkuöryggi er forsenda atvinnu- og verðmætasköpunar. Vinna verður markvisst að aukinni orkuframleiðslu í sátt við nærsamfélagið, einfalda þarf leyfisferla, ryðja úr vegi hindrunum og fjölga kostum við græna orkuöflun. Regluverk stjórnsýslunnar, umgjörð skipulagsmála og aðgerðir í skjóli rammaáætlunar mega ekki koma í veg fyrir framkvæmdir við virkjanakosti í nýtingarflokki.

Ein af frumskyldum stjórnvalda er að verja og styrkja samkeppnishæfni landsins og tryggja stöðu íslenskra fyrirtækja og launafólks, m.a. með hagstæðu skattaumhverfi og einföldu regluverki. Aðeins þannig er hægt að auka verðmætasköpun, bæta lífskjör og standa undir öflugu velferðarsamfélagi.

41 Ráðast verður í stórátak til að bæta samgöngur og auka öryggi um land allt með skilvirkni og  
42 hagkvæmni að leiðarljósi. Gjöld af umferð til að fjármagna samgöngumannvirki skulu miðast við  
43 notkun, samhliða niðurfellingu vörugjalda af bifreiðum og eldsneyti. Flokksráð undirstrikar mikilvægi  
44 þess að við framkvæmd samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins verði verkefnum forgangsraðað til  
45 að vinna hratt á þeim bráðavanda sem miklar og vaxandi umferðatafir valda og tryggja að arðsemi  
46 ráði forgangsröðun. Setja skal lagningu Sundabrautar í forgang.

47 Jöfn tækifæri eru best tryggð með öflugu menntakerfi þar sem allir hafa jafnt aðgengi óháð efnahag,  
48 búsetu eða bakgrunni. Mikilvægt er að endurskoða skipulag grunnskólans sem grunnstoð menntunar.  
49 Flokksráð skorar á þingmenn að tryggja samræmdar, skýrar og gagnsæjar reglur um próf, námsmat  
50 og aðgang að gögnum sem sýna stöðu einstakra skóla innan heildarinnar. Góður árangur við  
51 sameiningu og breytta fjármögnun háskóla hefur náðst og skal haldið áfram á þeirri vegferð.

52 Flokksráð fagnar þeim breytingum sem sveitarfélög undir forystu Sjálfstæðisflokksins hafa gert á  
53 skipulagi leikskóla til að fullmanna leikskóla og tryggja fleiri börnum leikskólaláss. Þjónusta leikskóla  
54 er jafnréttismál og ein grunnstoð jafnræðis á vinnumarkaði. Borgarstjórn Reykjavíkur er hvött til að  
55 taka önnur sveitarfélög sér til fyrirmyndar við lausn á alvarlegum mönnunarvanda sem skapast hefur  
56 vegna fyrirhyggjuleysis á síðustu áratugum.

57 Sjúkratryggingum skal gert skylt að semja við einkareknar heilsugæslustöðvar á sömu forsendum og  
58 samið er við opinberar heilsugæslustöðvar. Opinber kaup á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu eiga að  
59 taka mið af hagkvæmni og gæðum fyrir notendur, óháð rekstrarformi þjónustuveitenda. Mikilvægt er  
60 að tryggja velferð þeirra sem búa við langvinna sjúkdóma og fötlun.

61 Virða á sjálfsákvörðunarrétt eldra fólks og tryggja fjárhagslegt sjálfstæði. Öldrunarþjónusta á að  
62 miðast við þarfir hvers og eins. Fjölga þarf hjúkrunarrýmum og þjónustuíbúðum og auka  
63 fjölbreytileika í búsetuformum. Flokksráð ítrekar stefnu Sjálfstæðisflokksins um að innleiða nýtt  
64 fyrirkomulag ellilífeyris almannatrygginga og aðskilja að fullu málefni aldraðra og öryrkja. Auka verður  
65 svigrúm til atvinnuþátttöku án skerðinga ellilífeyris Tryggingastofnunar.

66 \*\*\*

67 Á þessu ári eru 80 ár liðin frá því að lýðveldið var stofnað. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið  
68 máttarstoð í þjóðlífinu og leiðandi í að móta gróskumikið samfélag þar sem atvinnustarfsemi,  
69 nýsköpun, mennta- og menningarlíf blómstra samhliða góðum efnahag, öflugri heilbrigðisþjónustu og  
70 félagslegu öryggi borgaranna.

71 Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft forystu um mótun þeirrar stefnu í utanríkis- og varnarmálum sem  
72 tryggt hefur öryggi og sess Íslands meðal lýðræðisþjóða.

73 Sjálfstæðisflokkurinn stendur nú sem áður vörð um þau grunngildi sem lágu að baki stofnun hans;  
74 frelsi og framtaki einstaklinga, eignarrétti, jöfnum tækifærum og velferð fyrir alla samhliða virðingu  
75 fyrir lögum og rétti, bæði innan ríkis og í samskiptum ríkja.